



# FUNDARGERÐ

265. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi, föstudaginn 23. ágúst 2019 kl. 16:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Björg Björnsdóttir, Davíð Sigurðarson, varamaður og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Ágústa Björnsdóttir.

## Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Lagning ljósleiðara - drög að samningi við Guðmund Daníelsson
3. Gjaldskrárhækkun - staða
4. Sala lagerhúsnæðis við Smiðjusel
5. 8 mánaða uppgjör / fjárhagsáætlun / framkvæmdaáætlun
6. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

## 1. Starfsmannamál

Fært í trúnaðarmálabók.

## 2. Lagning ljósleiðara – drög að samningi við Guðmund Daníelsson

Aðalsteinn Þórhallsson greindi frá fundi hans og Gunnari Jónssyni með Guðmundi Daníelssyni frá Snerru varðandi lagningu ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði og lögðu þeir fram tillögu um að kaupa ráðgjöf af Snerru varðandi verkefnið. Formanni falið að ganga frá samningi við Snerru.

## 3. Gjaldskrárhækkun - staða

Í vinnslu.

## 4. Sala lagerhúsnæðis við Smiðjusel

Ákvörðun um sölu vísað til vinnslu fjárhags- og framkvæmdaáætlunar.

## 5. 8 mánaða uppgjör / fjárhagsáætlun / framkvæmdaáætlun

Stefnt að 8 mánaða uppgjöri sem allra fyrst og funda um það og stöðu framkvæmda um miðjan september.

## 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:00.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.